

Fundargerð 35. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2019, föstudaginn 1. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu úr aðalstjórn Stefán Bogi Sveinsson, Árni Eiríksson, Ása Valdís Árnadóttir, Dagbjört Jónsdóttir og Jóhann Friðrik Friðriksson. Úr varastjórn tóku þátt í fundinum Ásta Berghildur Ólafsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson.

Dagbjört Jónsdóttir tók þátt í fundinum í síma. Jóhann Friðrik Friðriksson tók þátt í fundinum í síma til kl. 13:00. Fjarverandi voru úr aðalstjórn Ragnhildur Haraldsdóttir og Skarphéðinn Orri Björnsson.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Tilnefning fulltrúa í starfshóp um skattlagningu orkumannvirkja - 1901001SO

Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið óskar eftir tilnefningu fulltrúa í starfshóps sem hefur það hlutverk að finna leiðir til skattlagningar á mannvirki sem framleiða og flytja orkur og eru ekki skattskyld í gildandi lögum.

Samþykkt að formaður taki sæti í starfshópnum og varaformaður samtakanna til vara.

2. Orkufundur 2019 - 1901003SO

Orkufundur samtakanna er haldinn annað hvert ár og fer fram á því ári sem ekki er boðað til aðalfundar. Ýmsir möguleikar ræddir, s.s. hvort halda ætti orkufund ársins í tengslum við vorferð stjórnar eða skipuleggja fundinn sem kynnisferð erlendis um vindorkunýtingu og aðra þætti sem snerta starf samtakanna. Auk vindorkunýtingar var einnig bent á smávirkjanir sem áhugavert umfjöllunarefni.

Samþykkt að fela formanni og starfsmanni að skoða helstu möguleika og gera tillögur til stjórnar.

3. Vorferð stjórnar 2019 - 1901002SO

Í árlegum vorferðum gefst stjórn kostur á að kynna sér betur áhugaverð orkumál sem tengjast sveitarstjórnargeiranum.

Samþykkt að fela formanni og starfsmanni að skoða helstu möguleika og gera tillögur til stjórnar samhliða tillögum vegna orkufundar 2019.

4. Málþing um vindorku á vegum verkefnisstjórnar 4. rammaáætlunar - 1901004SO

Áhugavert málþing fór fram nú í janúar í samstarfi verkefnisstjórnar rammaáætlunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Formaður sótti þingið og greinir frá því helsta sem þar kom fram. Nálgast má upptöku af þinginu á slóðinni

<http://www.ramma.is/frettasafn/streymi-fra-malthingi-um-vindorku>

Lagt fram til kynningar.

5. Stefnumörkun stjórnar 2018-2020 - 1511003SO

Stjórn samtakanna markar stefnu þeirra til tveggja ára í senn. Stefnu 2016-2018 hefur verið dreift til fundarmanna í gegnum gagnagátt sambandsins.

Samþykkt að breyta heitinu Fyrstu skref í Aðgerðir. Farið yfir stefnumörkunina að öðru leyti og nauðsynlegar breytingar ræddar. Uppfærð stefnumörkun verður lögð fyrir næsta stjórnarfund.

6. Önnur mál - 1803002SO

Gestur fundarins undir þessum dagskrárlið er Guðjón Bragason, sviðsstjóri velferðar- og lögfræðisviðs sambandsins. Guðjón ræddi umsögn sambandsins um mótun orkustefnu 1. áfanga, sem tekur m.a. skattlagningu orkumannvirkja. Einnig tæpti Guðjón á umræðu í skipulagsnefnd sambandsins um landsskipulagsstefnu og áhrif þeirrar stefnugerðar á vindorkunýtingu, aðallega hvað varðar staðarval fyrir vindmyllur.

Stjórn SO samþykkir eftirfarandi bókun sem verði send inn í Samráðsgátt, en umsagnarfrestur um orkustefnu er þar til 15. febrúar:

Samtök orkusveitarfélaga leggja áherslu á að sanngjörn skipting arðs af orkuvinnslu hljóti að vera ein af mikilvægustu undirstöðum sjálfbærrar orkustefnu. Til þess að stuðla að sem ríkastri sátt í málaflöknum þurfa eftirtaldir að njóta hlutdeildar í þeim beina ávinningi sem hlýst af orkuvinnslu, eigandi auðlindar, orkuframleiðandi, orkukaupandi, samfélagið í heild og nærsamfélag virkjana.

Að mati samtakanna er skilvirkasta leiðin til að veita nærsamfélögum hlutdeild í arði af orkuvinnslu að skattleggja framleiðsluna og að þeir skattar sem um ræðir skiptist milli sveitarfélaga á áhrifasvæðum virkjana eftir skýrum og gegnsæjum reglum.

Fyrirmynda að slíku kerfi þar sem að nærsamfélög virkjana njóta hlutdeildar í arði af þeim þarf ekki að leita langt því að um áratuga skeið hefur slíkt kerfi verið við lýði í Noregi. Leiða má að því líkum að sanngjörn skipting á arðinum hafi leitt til aukinnar sáttar um uppbyggingu orkukerfisins í Noregi. Það er mat samtakanna að rík þörf sé fyrir slíka sátt um uppbyggingu virkjana og flutningskerfis raforku hér á landi og að breytingar á skattaumhverfi orkuvinnslu geti verið mikilvægt skref í átt að henni.

Samtök orkusveitarfélaga óska eftir aðkomu að og hlutdeild í vinnu við mótun orkustefnu, sem fulltrúi nærsamfélaga virkjana.

Fleiri mál voru ekki rædd.

Fundi var slitið kl. 14:00

Stefán Bogi Sveinsson

Árni Eiríksson

Ása Valdís Árnadóttir

Dagbjört Jónsdóttir

Jóhann Friðrik Friðriksson

Ragnhildur Haraldsdóttir